

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag íbúðahverfis í landi Stóru–Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 13. desember 2006 tillögu að deiliskipulagi íbúðahverfis í landi Stóru–Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1250 þann 27. október 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 30. nóvember 2006 til og með 12. janúar 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 14. mars 2007.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.